

Í pistlunum Úr þenna stjórnarmanna Lí birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.

## Þegar röddin veikist

Fyrir lækna sem starfa á Landspítala er starfsvettvangurinn meira en vinnustaður. Hann er vettvangur fagmennsku, ábyrgðar og samvinnu, sem höfð eru í forgrunni á hverjum degi. Flestir læknar starfa þar af sannfæringu – þeir vilja leggja sitt af mörkum til að veita samfélaginu öflugna og örugga heilbrigðisþjónustu.

Undanfarið hefur þó skapast umræða sem vekur ugga meðal margra lækna – ekki aðeins um starfsréttindi heldur um grundvallaröryggi tjáningarfrelsis. Uppsögn Ragnars Freys Ingvarssonar, formanns Læknafélags Reykjavíkur, er vendipunktur í þessari umræðu. Fyrir flesta snýst málið ekki um einstaklinginn heldur stærra samhengi: Getu þeir sem taka að sér að tala út á við fyrir hönd samstarfsfólks síns gert það án þess að óttast afleiðingar gagnrýnnar umræðu?


Daglegt starf lækna á Landspítala felur í sér ákvarðanir sem geta haft bein áhrif á líf og heilsu fólks. Þeir sjá hvar þrengir að og hvar bæta má verklag. Sú þekking er dýrmæt – en hún nýtist aðeins ef hún fær að heyrast.

Trúnaðarmenn og formenn stéttarfélaganna gegna lykilhlutverki í þessu samhengi. Þeir eru kjörnir fulltrúar sem bera ábyrgð á að koma á framfæri áhyggjum, gagnrýni og tillögum til úrbóta. Það starf er ekki unnið til að fá athygli í fjöl-

miðlum, heldur er það mikilvægur hluti af öryggismenningu innan heilbrigðisþjónustunnar. Sé upplifunin sú að þessi hlutverk séu ekki vernduð í reynd, og að refsað sé fyrir gagnrýna umræðu, skapast hætta á þöggun. Slíkt getur haft víðtæk áhrif. Ekki aðeins á þann sem í hlut á, heldur á heildina. Margir spyrja sig nú: Er öruggt að segja frá því sem betur má fara? Er betra að þegja en að tala? Ef svarið við þessum spurningum er ekki skýrt, þá veikist grundvöllur opinna umræðu. Í litlu heilbrigðiskerfi eins og hérlendis geta afleiðingar slíkrar þróunar verið alvarlegar. Landspítali er miðpunktur sérhæfðrar lækniþjónustu á Íslandi, og í mörgum sérgreinum er hann nánast eini mögulegi vinnustaðururinn. Þetta er staðreynd sem margir læknar, sérstaklega þeir sem eru erlendis í sérnámi, hafa í huga þegar þeir leggja drög að sínum framtíðaráætlunum um starfsvettvang.

Á sama tíma stendur heilbrigðiskerfið frammi fyrir langvarandi manneklu. Læknar vita að þörfin fyrir þeirra störf

**Getu þeir sem taka að sér að tala út á við fyrir hönd samstarfsfólks síns gert það án þess að óttast afleiðingar gagnrýnnar umræðu?**



**Katrín Kemp Guðmundsdóttir**  
hjartalæknir í hlutastarfi á Landspítala og Hjartamiðstöðinni

er mikil, og að álagið er oft óásættanlegt. Í því samhengi vekur það furðu þegar læknar í framlínu eru látnir fara.

Framtíðarsýn lækna á Landspítala mótast ekki eingöngu af launum eða vinnutíma. Hún mótast af menningu vinnustaðarins – hvort þar ríki traust, gagnkvæm virðing og rými fyrir faglega umræðu. Læknar vilja starfa í umhverfi þar sem ábendingar eru metnar að verðleikum og þar sem gagnrýni er talin hluti af umbótum, ekki ógn. Ef svo er ekki, hefur það áhrif á gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga. Læknar á Landspítala vita að breytingar verða ekki nema með opnu samtali og þeir ættu ekki að vera hræddir um að tjá sig.

Umræðan sem nú á sér stað snýst um meira en einstök mál. Hún snýst um það hvers konar vinnustaður Landspítali vill vera til framtíðar. Hvort hann verður staður þar sem fagfólk treystir sér til að tala og vinna saman að breytingum til batnaðar, og sé þannig aðlaðandi og samkeppnishæfur vinnustaður. Stefna Landspítala hvað þetta varðar skiptir máli, ekki aðeins fyrir lækna heldur fyrir samfélagið allt.



Stjórn Læknafélags Íslands Steinunn Þórðardóttir formaður Félag almennra lækna Teitur Ari Theodórsson, Thelma Kristinsdóttir  
Félag íslenskra heimilislækna Gunnar Þór Geirsson, Oddur Steinarsson Félag sjúkrahústækna Hildur Jónsdóttir, Jóhanna Guðrún Pálmadóttir  
Læknafélag Reykjavíkur Ragnar Freyr Ingvarsson, Katrín Ragna Kemp